

REGLUR

um (1.) breytingu á reglum nr. 203/2016 um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga,
í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara, utan EES,
sem ekki eiga lögheimili á Íslandi.

1. gr.

1. mgr. fylgiskjalsins „Viðmið um fjárhagsaðstoð“ verður svohljóðandi:
Greiðslur til einstaklings sem nýtur ekki lengur þjónustu á vegum Útlendingastofnunar sem veitt er á vegum sveitarfélags samkvæmt 1. tl. 2. gr., miðast við reglur sveitarfélags um fjárhagsaðstoð. Fyrir aðra skulu eftirfarandi viðmið notuð eftir því sem við á hverju sinni¹:

2. gr.

3. mgr. fylgiskjalsins „Viðmið um fjárhagsaðstoð“, sbr. 3. gr. reglnanna, verður svohljóðandi:

Taflan miðast við greiðslur fyrir einn mánuð:

			1.	2.	3.	4.
			100%	35%	30%	15%
Einstaklingur	Grunnfjárhæð	x 1,0	155.774 kr.	54.521 kr.	46.732 kr.	23.366 kr.
Tveir í fjölskyldu	"	x 1,6	249.238 kr.	87.233 kr.	74.772 kr.	37.386 kr.
Þrír í fjölskyldu	"	x 1,8	280.393 kr.	98.138 kr.	84.118 kr.	42.059 kr.
Fjórir í fjölskyldu	"	x 2,0	311.548 kr.	109.042 kr.	93.464 kr.	46.732 kr.
Greiðsla á dag fyrir einstakling			5.192 kr.	1.817 kr.	1.558 kr.	779 kr.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum, taka þegar gildi.

Velferðarráðuneytinu, 12. janúar 2017.

Þorsteinn Víglundsson
félags- og jafnréttismálaráðherra.

Bolli Þór Bollason.